

Próftafla og umsóknir nemenda um breytingar

Eins og þið vitið munu öll lokapróf verða haldin í Innu þessa önnina. Það er mjög mikilvægt að þið fylgið leiðbeiningum kennara um próftöku mjög vel.

Prófin munu hefjast kl. 9:15, 11:15 eða 13:15. Öll próf eru merkt klukkutímalöng í próftöflu ykkar á Innu, en kennarar gefa upp nákvæman próftíma í hverjum áfanga fyrir sig.

Próftaflan er birt á heimasíðu skólans ásamt sjúkraprófstímum. Að þessu sinni býðst öllum nemendum sem eru í tveimur prófum á sama tíma eða sama degi að seinka öðru prófinu og taka sjúkraprófið í áfanganum í staðinn. Sjúkrapróf eru haldin tveimur virkum dögum eftir upphaflegt próf kl. 16:15, nema 18. og 19. maí, en þá verða þau kl. 9. **Við hvetjum þó alla nemendur, sem treysta sér til, að taka tvö próf sama daginn.**

Nemendur sem vilja seinka prófi og hafa ástæðu til þurfa að [sækja um að það hér](#). Vinsamlegast athugið að þið þurfið að skrá ykkur inn með Office aðgangi skólans (sama og TEAMS). Gunnar Ingi netstjóri getur aðstoðað ykkur ef þið lendið í vandræðum með það (netstjori@mh.is)

Nemendur eru beðnir um að tilgreina það próf sem þeir vilja fresta en prófstjóri áskilur sér þann rétt að fresta frekar fjölmennara prófi ef tveir mjög misstórir áfangar rekast á.

Nemendur þurfa að sækja sérstaklega um fyrir hvert próf sem þeir vilja seinka.

Vinsamlegast sakið um fyrir mánudaginn 27. apríl.

Ekki verður haft sérstaklega samband við þá nemendur sem sækja um undanþágu frá venjulegum próftíma nema þegar ekki er hægt að verða við óskum þeirra. Nemendur geta því að óbreyttu gert ráð fyrir að taka sjúkrapróf í þeim áfanga sem þeir óska sér og kennarar verða látnir vita af þeirri ráðstöfun.

Ef að aðrar ástæður eru fyrir því að nemandi óskar eftir að fresta prófi þá má hafa samband við Guðmund Arnlaugsson prófstjóra (profstjori@mh.is) og/eða námsráðgjafa skólans.

Til nemenda sem eiga rétt á sérúrræðum í prófum

Þar sem skipulag prófa er með öðrum hætti þetta vorið verða sérúrræði ekki afgreidd í gegnum Innu. Ef nemendur telja sig ekki geta unnið eftir því fyrirkomulagi sem kennarinn setur upp í prófunum eru þeir beðnir um að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa.

asdisbirgis@mh.is fridur@mh.is sbb@mh.is